

## 7. Fundur í framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar 3. apríl 2023

Fundarmenn: Axel Árnason Njarðvík, Árni Helgason, Birgir Gunnarsson og Einar Már Sigurðarson.

Fundur hófst kl. 9:00.

### Dagskrá:

#### 1. Fasteignamál

- a. Skeggjastaðir: Undir liðnum komu á fund nefndarinnar Björn S. Lárusson, sveitarstjóri Langanesbyggðar og Sigurður Þór Guðmundsson, oddviti Langanesbyggðar. Kynntu þeir hugmyndir sveitarfélagsins um möguleg kaup eða leigu á jörðinni Skeggjastöðum. Að því loknu véku þeir af fundinum og voru hugmyndirnar ræddar af framkvæmdanefnd. Voru fundarmenn áhugasamir um samstarf án þess að til sölu jarðarinnar kæmi.
- b. Saurbær: Lögð voru fram drög að lóðarleigusamningi við Mílu hf. Ákveðið að Rekstrarstofa skyldi ganga frá samningnum.
- c. Breiðabólstaður: Lögð voru fram drög að lóðarleigusamningi við Íslandsturna ehf. Ákveðið að Rekstrarstofa skyldi ganga frá samningnum.
- d. Saurbær: Lögð voru fram drög að samningi um skógrækt við Ölgerðina hf. og Skógræktina og fóru fram umræður um þau. Formanni nefndarinnar falið að fylgja því máli eftir sem umhverfisnefndarmaður.

#### 2. Önnur mál

- a. BG upplýsti að borist hafi erindi varðandi útleigu á herbergi í prestbústað í skammtímaleigu. Ákveðið að mynda reglur um slíka útleigu.
- b. AÁN bar fram fyrirspurn um verkferla milli Biskupsstofu og Rekstrarstofu. BG upplýsti að þeir væru ekki tilbúnir.
- c. Rædd var staða vígslubiskupa. Framkvæmdanefnd bókar af því tilefni eftirfarandi: „Í ljósi þess að stefnumörkun í mönnun í vígðri þjónustu þjóðkirkjunnar liggur ekki fyrir beinir framkvæmdanefnd kirkjuþings því til kirkjustjórnarinnar að gera þær ráðstafanir sem þurfa þykir til að stöðva eða fresta kosningu nýs vígslubiskups í Skálholtsumdæmi. Þá bendir framkvæmdanefndin á að nýta þarf öll sparnaðartækifæri til að ná jafnvægi í rekstri þjóðkirkjunnar og hér gefst gott tækifæri til að sýna gott fordæmi í þeirri vegferð.“

Fundargerð var lesin upp og hún samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 10:20.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður Rekstrarstofu.